

# Frumvarp til laga

um

ritsíma og talsímakerfi Íslands.

(Lagt fyrir alþingi 1912).

## 1. gr.

Allir ritsímar og talsímar, er landið á, leggur hjer á eftir eða eignast á annan hátt, skiftast í flokka samkvæmt því sem á eftir fer.

## 2. gr.

Til fyrsta flokks teljast:

1. Ritsímalínan: Reykjavík — Borðeyri — Akureyri — Seyðisfjörður.
2. ——— Borðeyri — Ísafjörður.
3. Talsímalínan: Reykjavík — Ölfusárbrú.
4. ——— Reykjavík — Hafnarfjörður.
5. Innanbæjartalsímakerfi: Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Hafnarfjarðar og Seyðisfjarðar.
6. Talsímalínan frá Húsavík um Kelduhverfi, Öxarfjörð og Þistilfjörð til Vopnafjarðar.
7. Tengilína á milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði.

Með ofantöldum línunum teljast og aukapræðir, sem vegna aukinna starfa á línunum þessum eru lagðir eða hjer eftir verður nauðsynlegt að lagðir séu á hinar eldri stauraraðir þessara lína.

## 3. gr.

Til annars flokks teljast:

1. Talsímalínan: Egilstaðir — Reyðarfjörður — Eskifjörður.
2. ——— Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður.
3. ——— Seyðisfjörður — Fjörður í Mjóafirði.
4. ——— Hof í Vopnafirði — Vopnafjörður.
5. ——— Breiðumýri — Húsavík.
6. ——— Fagriskógur — Hjalteyri.
7. ——— Vellir — Dalvík — Ólafsfjörður.
8. ——— Sauðárkrókur — Siglufjörður.
9. ——— Ísafjörður — Bolungarvík.

10. Talsímalínan: Ísafjörður — Patreksfjörður.
11. ——— Grund — Borgarnes.
12. ——— Kalastaðakot — Akranes.
13. ——— Hafnarfjörður — Gerðar.
14. ——— Ölfusárbrú — Eyrarbakki — Stokkseyri.
15. ——— Ölfusárbrú — Eystri-Garðsauki.
16. ——— Borðeyri — Búðardalur — Stykkishólmur.
17. ——— Stykkishólmur — Hjarðarfell.
18. ——— Eystri-Garðsauki — Vestmannaeyjar.
19. ——— Hjarðarfell — Ólafsvík.
20. ——— Miðey — Vík í Mýrdal.
21. ——— Eskifjörður — Norðfjörður.
22. ——— Fáskrúðsfjörður — Djúpivogur.
23. ——— Djúpivogur — Hornafjörður.
24. Hliðartalsímar til Hafnar í Bakkafirði, Þórshafnar og Kópaskers.

#### 4. gr.

Til þriðja flokks teljast þau talsímasambönd, sem fyrirhuguð eru en ótalin í 1. og 2. flokki, svo sem: Til Grenivíkur, Hvammstanga, Skagastrandar og Kálfs-  
hamarsvíkur, Kirkjubæjar á Síðu, Grundarfjarðar, Unaóss, og Borgarfjarðar í  
Norður-Múlasýslu, Raufarhafnar, Súgandafjarðar, um Barðastrandasýslu, frá Ólafs-  
vík til Sands, frá Reykjavík til Þingvalla, frá Gerðum um Hafnir til Grindavíkur,  
frá Hraungerði að Torfastöðum í Biskupstungum og upp í Hreppa, upp á Land  
og niður í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu. Enn fremur símakerfi í kaптúnunum og  
þorpum, sem landssjóður eignast.

#### 5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, ettir því sem vinnukraftur  
sá, sem landssíminn hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, lagning og  
kaup á þeim talsímalínunum, er upp eru talðar í 2. og 3. gr. og eigi eru þegar  
lagðar eða keyptar af landsjóðs hálfu, þar með taldir aukapræðir þeir, sem nefndir  
eru í 2. gr., síðustu málsgrein.

Lagning og kaup framkvæmast eftir þeirri röð, er landsstjórninni með  
ráðum landssímastjóra þykir rjett.

Einnig er landsstjórninni heimilt að framkvæma þær breytingar og endur-  
lætur á núverandi aðallínunum, sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegar eru góð-  
um og öruggum rekstri.

Ætíð skal þó tilskilið, áður en ráðist er í kaup eða lagning á símalínunum,  
er til 2. flokks telst, að hlutaðeigandi hjerað leggi til lagningskostnaðar hennar  
eða kaupverðs tilskilinn hluta, svo sem nú er sagt:

Til 19. liðs 2. flokks	...	...	4000 kr.
— 20. — - —	...	...	5000 —
— 21. — - —	...	...	3000 —
— 22. }	— - —	...	5000 —
— 23. }	— - —	...	5000 —
— 24. — - —	...	...	5000 —

Þar sem fleiri en eitt sýslufjelag eiga hlut að máli um tillag til símalínu,  
skal stjórnarráðið ákveða sanngjarna skiftingu á milli þeirra á tillaginu.

6. gr.

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við útlönd, eftir nánari ákvörðun landsstjórnarinnar.

7. gr.

Þá er lokið er lagning og kaupum á talsimum og talsímakerfum o. fl. samkvæmt 5. gr., skal kaupa og leggja talsíma og talsímakerfi, er til 3. flokks teljast, og enn fremur aukaþræði í eldri línur eftir því sem nauðsyn krefur, og skal verja tekjuafgangi af rekstri landssímans ár hvert til framkvæmdar á þessu. Að jafnaði skal fjeð til þessara framkvæmda þó veitt á fjárlögum og þar þá jafnan tekin ákvörðun í hvert sinn um tillag frá hlutaðeigandi hjeraði.

8. gr.

Til framkvæmda á lagning og kaupum síma og talsímakerfa o. fl., er 5. og 6. gr. ræðir um, heimilast landstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landsjóðs, er endurgreiðist á 20 árum eða lengri tíma, þó ekki lengri en 30 árum. Halda skal láni þessu eða lánum utan við landsreikninginn, svo og kostnaði þeim, er lánsfjeð gengur til. En reikningar þeir skulu jafnframt landsreikningnum leggjast fyrir yfirskoðunarmenn. Umsamdir vextir og afborganir af láni þessu eða lánum takast á fjárlög jafnótt, en eigi teljast þessi útgjöld til reksturskostnaðar (sbr. 7. gr.).

9. gr.

Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu talsímastöðvar til almenningsnota, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sinum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem gilda um venjulegar landssímastöðvar, og stjórnin ákveður nánara. Þegar ábyrgð sú, sem hlutaðeigandi hreppur við stofnun venjulegrar landssímastöðvar hefir gefið fyrir þátttöku í reksturskostnaðinum, er útrunninn, á það venjulega að vera skilyrði fyrir áframhaldi stöðvarinnar, að hreppurinn þá á ný taki þátt í rekstursútgjöldum stöðvarinnar eftir gildandi reglum og nánari ákvörðunum landsstjórnarinnar fyrir hvert einstakt tiltelli.

---

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Af þingmanna hálfu var í neðri deild alþingis 1911 borið upp og afgreitt frá deildinni frumvarp til laga um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, en frumvarp þetta kom ekki til umræðu í efri deild. Stjórninni hefir nú þótt rjett að leggja frumvarp um þetta efni fyrir alþingi nú og er frumvarp það, sem hjer liggur

fyrir, í aðalatriðum samhljóða frumvarpi neðri deildar, þó nokkrar breytingar hafi verið gjörðar á því eftir tillögum landssímastjórans.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

#### Um 1. gr.

Símalínum landsins, sem þegar eru lagðar, svo og þeim, sem að líkindum verða lagðar innan skamms, er skipt í flokka eftir því, hverjar línuleiðir og línur skuli teljast aðallínur og hverjar aukalínur.

Í 1. flokki eru aðallínurnar. Hvorki hlutaðeigandi sýsla nje hreppur leggja til lagninga þeirra. Í 2. flokki eru stærstu aukalínurnar. Til lagninga þeirra greiðir hlutaðeigandi sýsla eða hreppur tillag. Það er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að lán verði tekið til lagningar þeirra lína 1. og 2. flokks, sem enn þá eru ólagðar.

Í 3. flokki eru aðrar aukalínur, og er gjört ráð fyrir að leggja megi þær fyrir ágóðann af rekstri landssímanna. Hlutaðeigandi sýsla eða hreppur greiðir tillag til lagninga þessara lína.

#### Um 2. gr.

Af línunum þeim, sem taldar eru í þessari grein, eru línur þær, sem nefndar eru í 6. og 7. lið, ólagðar og sömuleiðis aukapræðir þeir á eldri stauraröðum, sem nefndir eru í síðustu málsgrein greinarinnar. Það er mjög æskilegt, að línan frá Húsavík um Kelduhverfi, Óxarfjörð og Þistilfjörð, sem nefnd er í 6. lið, verði lögð sem fyrst, bæði til þess að tengja þenna landshluta við aðra hluta landsins og koma á nýju sambandi milli Akureyrar og Vopnafjarðar, því að reynslan hefur sýnt, að mjög er hætt við símslitum á fjöllum á þessari leið. Landssímastjórninn fór sumarið 1910 um þessa línuleið, og álitur hann, að ekki muni verða sjerlegum erfiðleikum bundið að leggja línuna. Áætlað er að línan muni kosta 85,000 kr. Hliðarlínur út frá þessari aðallínu til Hafnar í Bakkaafirði, Þórshafnar og Kópaskers eru taldar í 2. flokki.

Tengilínan milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði, sem nefnd er í 7. lið, er nauðsynleg, bæði til þess að greiða sambandið milli Seyðisfjarðar og stöðvanna þar fyrir sunnan og til þess að koma á tvöföldu sambandi milli Egilsstaða og Seyðisfjarðar. Lagning þessarar línu er að nokkru leyti komin undir því, að einkalínan milli Eskifjarðar og Norðfjarðar verði keypt (sjá athugasemdirnar um 3. gr.). Milli Askness og Fjarðar í Mjóafirði er sömuleiðis einkalína, og er nauðsynlegt að kaupa hana og setja á stofn almenna landsímastöð á Asknesi, bæði til þess að fá fullt vald yfir öllu línusvæðinu og komast hjá aukagjöldum einkalínanna.

Áætlað er, að línan milli Norðfjarðar og Fjarðar í Mjóafirði muni kosta 11,000 kr., þar af línan frá Asknesi til Fjarðar í Mjóafirði 3,500 kr.

Á línunum milli Reykjavíkur og Ölvusárbrúar og milli Akureyrar og Breiðumýrar er eins og stendur mest þörf á að leggja aukapræði þá, sem nefndir eru í síðustu málsgrein 2. gr. (sbr. fyrstu málsgr. 5. gr.), og eiga præðir þessir að vera 3,3 m/m koparpræðir.

Áætlað er, að aukapráðurinn á línunni milli Reykjavíkur og Ölvusárbrúar muni kosta 15,960 kr. og á línunni milli Akureyrar og Breiðumýrar 11,760 kr. Línan austur um Ölvusárbrú, sem hefur 17 stöðvar, er svo mikið notuð síðan línan til Vestmannaeyja var lögð í fyrra, að til vandræða horfir með starfræksluna. Ný lína austur að Ölvusárbrú er þess vegna mjög nauðsynleg, og verður að

leggja hana sem allra fyrst. Líku máli er að gegna um línuna frá Akureyri til Breiðumýrar, því að þar liggur Húsavíkurlínan frá aðallínunni, og þegar búið er að leggja línuna milli Húsavíkur og Vopnafjarðar, sem stungið er upp á í frumvarpinu, verður línan enn þá meira notuð.

Lagningar hinna nýju lína, sem stungið er upp á í 2. gr., kosta þannig 123,720 kr., auk lánsins til að kaupa bæjartalsímamann í Reykjavík, sem er hjer um bil 75,000 kr.

### Um 3. gr.

Línur þær, sem nefndar eru í 1. til 17. lið þessarar greinar, eru þegar lagðar og eru eign landsins. Línurnar, sem nefndar eru í 18. og 21. lið greinarinnar, eru sömuleiðis lagðar, en þær eru einkalínur, og er stungið uppá að kaupa þær. Að eins línurnar, sem nefndar eru í 19., 20., 22., 23. og 24. lið eru ólagðar.

Það er sjerstaklega nauðsynlegt að kaupa Vestmannaeyjalínuna, sem nefnd er í 18. lið greinarinnar. Um það vísast til athugasemdanna við frumvarpið um kaup á Vestmannaeyjasímanum.

Um 19. lið, línuna frá Hjarðarfelli til Ólafsvíkur. Í nógildandi fjárlögum er veitt fje til lagningar línu milli Stykkishólms og Hjarðarfells, og verður eðlilega að halda þessari línu áfram til Ólafsvíkur um Búðir. Áætlað er að kosta muni 25,000 kr. að leggja línuna, og leggur hjeraðið til 4000 kr. þaraf.

Um 20. lið, línuna frá Miðey til Víkur í Mýrdal. Þessi lína liggur út frá suðurlínunni á Miðeyjarstöðinni, og hún er — eins og línurnar, sem stungið er upp á í 22. og 23. lið — byrjun á aðallínu, sem liggja á í gegnum landið frá austri til vesturs. Þessvegna er stungið upp á að nota 3,3 m/m koparþráð. Áætlað er, að línan muni kosta 43,000 kr., en þar af leggur hjeraðið til 5000 kr.

Um 21. lið. Eins og tekið er fram í athugasemdunum við 2. gr., er æskilegt, bæði með tilliti til símagjaldanna og starfrækslunnar, að kaupa þessa einkalínu. Línan kostaði 15,000 kr., en þar frá dragast 3000 kr., sem hjeraðið lagði til hennar.

Um 22. og 23. lið. Það er æskilegt að setja þá landshluta, sem línan frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar á að liggja í gegn um, í símasamband við aðra hluta landsins, og lína þessi er auk þess, eins og áður er tekið fram, hluti af nýrri aðallínu milli Austurlandsins og Suðvesturlandsins. Þessvegna er stungið upp á að nota 3,3 m/m. koparþráð. Áætlað er, að línan milli Fáskrúðstjarðar og Djúpavogs kosti 50,000 kr. og línan frá Djúpavogi til Hornafjarðar muni kosta 53,000 kr., en þaraf leggja hjeruðin til 5000 kr.

Um 24. lið. Til þess að fá full not af línunni milli Húsavíkur og Vopnafjarðar, sem stungið er upp á í 2. gr., er æskilegt að leggja aukalínur út frá henni til Kópaskers, Þórshafnar og Hafnar í Bakkafríði. Áætlað er, að þessar 3 línur muni kosta 15,000 kr., en þar af leggja hjeruðin til 5000 kr.

Kostnaðurinn við að leggja þessar nýju línur og kaupa þær línur, sem stungið er upp á í 3. gr., verður þannig:

18. liður.	Kaup á Vestmannaeyjalínunni . . . . .	kr. 45000,00
19. liður.	Línan frá Hjarðarfelli til Ólafsvíkur 25000 kr., að frá- dregnu tillagi hjeradanna 4000 kr. . . . .	— 21000,00
20. liður.	Línan frá Miðey til Víkur í Mýrdal 43000 kr., að frá- dregnu tillagi hjeradanna 5000 kr. . . . .	— 38000,00
		<hr/> Flyt kr. 104000,00

	Fluttar kr. 104000,00
21. liður. Kaup á Norðfjarðarlinunni, að frádregnu tillagi hjer- aðsins 3000 kr. . . . .	— 12000,00
22. og 23. liður. Linurnar frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar 103000 kr., að frádregnu tillagi hjeraðanna 5000 kr. . .	— 98000,00
24. liður. Aukalínur til Kópaskers, Þórshafnar, og Hafnar í Bakkafirði 15000 kr., að frádregnu tillagi hjeraðanna 5000 kr. . . . .	— 10000,00
	Samtals kr. 224000,00

#### Um 4. gr.

Í þessari grein eru taldar línur þær, sem æskilegt er, að lagðar verði, þegar búið er að leggja linurnar, sem taldar eru í 2. og 3. gr., og er stungið upp á að greiða kostnaðinn við lagningar þessara lína af ágóðanum af rekstri landssímanna. Ágóðinn nam árið 1911 hjer um bil 60,000 kr., og hann vex væntanlega á fám árum upp í 75,000 kr. Hægt mun vera að leggja línur þær, sem nefndar eru greininni, á 3 til 4 árum, ef varið er hjer um bil 50,000 kr. á ári til þess.

#### Um 5. gr.

Þar eð það hvorki getur talist heppilegt eða hagvænlegt að hraða lagningunum svo mjög, að nauðsynlegt verði að fá starismenn og verkstjóra frá útlöndum, er stjórninni, í samráði við ritsímastjóran falið eftir ástæðum og sjer í lagi eftir því hver kostur er á innlendum verkstjórum, að ákveða, hvaða línur skuli leggja á ári hverju. Að því er snertir 3. málsgrein þessarar greinar, skal það tekið fram, að reynslan hefur sýnt, að nokkrar breytingar verður að gera á aðallínunni milli Borðeyrar og Seyðisfjarðar. Nokkur hluti af kostnaðinum við þessar breytingar verður talinn til árlegs viðhaldskostnaðar og verður settur á reikninginn yfir rekstur landssímanna, en á nokkrum stöðum, þar sem línan liggur yfir fjöll, svo sem á Smjörvatnsheiði, Fjarðarheiði og að nokkru leyti á Dimmafjallgarði, verða breytingarnar svo miklar, að álíta verður, að nauðsynlegt sje að leita samþykkis fjárveitingarvaldsins.

Það hefur komið í ljós, að ófært er að láta símann liggja yfir Smjörvatnsheiði, og verður því að flytja hann þaðan. Það hefur staðið til að flytja símann yfir á Hellisheiði og hafa jarðleiðslu, þar sem heiðin er hæst. Á þann hátt verður línan nokkru lengri, og mun kosta hjer um bil 27,000 kr. Á Fjarðarheiði er nauðsynlegt að styrkja línuna með gildari þræði, setja sterkari þverslár og byggja hús á heiðinni. Kostnaðurinn við það verður 10000 kr., eða samtals 37,000 kr., og er stungið upp á að taka fje það til láns, samkvæmt 8. gr.

#### Um 6. gr.

Þar eð álíta verður, að landið nauðsynlega muni þurfa að setja á stofn loftskæptastöð, er stungið upp á að setja hana á stofn í nánd við Reykjavík, og hafa hana svo öfluga, að hún geti haft samband við útlönd, England og Noreg, og má þá nota hana í stað sæsímans, ef hann slitnar. Aðalverkefni loftskæptastöðvarinnar er þó að hafa samband við skip, sem hafa loftskæptaútbúnað. Þess má og vænta, að von bráðar verði sett á stofn loftskæptastöð á Grænlandi.

og á þá stöðin í Reykjavík að geta staðið í sambandi við hana, og orðið eðlilegur milliliður milli hennar og stöðva erlendis.

Áætlað er, að stöð þessa muni mega setja á stofn fyrir 80,000 kr., og er þar með talinn kostnaður við bygging vjelahúss og íbúðarhúss fyrir stöðvarstjóra. Hjá Bergen í Noregi er nú verið að byggja stöð, sem á að geta sent skeyti um 14—1600 km, vegalengd, og gæti stöðin í Reykjavík staðið í sambandi við hana.

Um 7. gr.

Virðist ekki þurfa skýringa við.

Um 8. gr.

Virðist ekki þurfa skýringa við.

Um 9. gr.

Við lok ársins 1912 verða alls í landinu 110 ritsíma- og talsímastöðvar. Ef frumvarp þetta verður að lögum, fjölga þær um 50. Það verður þá enn frekar en nú nauðsynlegt til þess að reksturinn sje í góðu lagi og arðvænlegur og símakerfi landsins tekið náttúrlegum framförum, að hlutaðeigandi sýslur eða hreppar ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna á stöðvum í sveitum samkvæmt þeim reglum, sem nú gilda, í fyrstu 5 ár eftir að stöðin er stofnuð, og síðan í aðalatriðunum eftir sömu reglum, þó þannig, að bæði stjórnarráðið og sýslan eða hreppurinn geti á hverju 5 ára bili krafist endurskoðunar á ábyrgðarskilmálum stöðvarinnar, og verður þá, þegar ákveða skal tillag landssjóðs til stöðvarinnar, auk venjulegs hundraðsgjalds frá honum af tekjum hennar, í hvert skipti að taka tillit til, hversu miklar tekjur stöðin hafi og hversu mikla aukavinnu við eftirlit og sem millistöð svo og annara sjerstaklegra atvika og staðhátta.

---